

Húsbóndi

Magnús Tumi Guðmundsson

Fyrir nokkrum árum fór að brydda á skeri í Vatnajökli skammt austan Pálsfjalls. Er það sunnan í breiðum jökulhrygg sem nær nokkra kílómetra frá Pálsfjalli norðaustur í jökulinn. Pálsfjall og umhverfi þess er á ákomusvæði Síðujökuls en hann hljóp fram 1994. Væntanlega á þynning ákomusvæðisins í framhlaupinu stærstan þátt í því að skerið kom í ljós. Vorið 2004 var skerið um 100 m á lengd og e.t.v. 30 m á breidd. Bergið virðist vera straumflögótt rýólít, svipað því sem sést í Pálsfjalli. Engar heimildir eru um að sker þetta hafi sést fyrr en á síðustu árum. Hæð skersins var mæld í vorferð JÖRFÍ 2003 og reyndist hún 1366 m. Hæð Pálsfjalls er 1332 m þ.a. að skerið er 34 m hærra. Hnit skersins eru 64°17.73'N, 17°39.40'V.

Þó skerið láti lítið yfir sér er ekki allt sem sýnist. Íssjarmælingar (Helgi Björnsson, 1988) leiddu í ljós að Pálsfjall og hryggurinn norðaustan þess eru toppurinn á fjalli sem rís um 700 m yfir botninn umhverfis. Ef jökullinn rýrnar áfram má því búast við myndarlegu jökulskeri á þessum stað í framtíðinni.

Sker þetta hefur ekki enn hlotið nafn. Næstu jökulsker heita eftir þeim Þórði Þorkelssyni Vídalín og Páli jökli Pálssyni, sem hvor með sínum hætti lögðu fram markverðan skerf til könnunar og skilnings á jökulum á Íslandi. Því væri við hæfi að skerið ofan Pálsfjalls fái nafn sem tengist manni sem lagði drjúgan skerf til jöklarannsóknna, þ.e. Jóni Eypórssyni. Í stað þess að fjallið nefnist beint eftir Jóni mætti það einfaldlega heita Húsbóndi. Jón Eypórsson stofnaði Jöklarannsóknafélagið og kom á reglubundnum rannsóknum á Vatnajökli. Jökullinn ásamt Jökulheimum og umhverfi þeirra hlaut nafnið Grímsvatnahreppur og þar hafði Jón sæmdarheitið Húsbóndinn. Jón leyndi á sér því hann var maður fádæma afkasta sem sinnti

margháttuðum ritstörfum, rannsóknum og félagsstörfum samhliða starfi sínu sem veðurfræðingur á Veðurstofunni. Skerið ofan Pálsfjalls leynir einnig á sér því það er hæsti tindur mikils fjalls. Spár um loftslagsbreytingar eru allar á þann veg að verulega hlýni á næstu áratugum. Því má búast við að Vatnajökull haldi áfram að rýrna og að fleiri sker komi upp úr jöklinum á þessu svæði. Einhver þeirra gætu heitið eftir öðrum frumkvöðlum jöklarannsóknna um miðbik nýliðinnar aldar. Auk Jóns má þar nefna Hreppstjórnann (Guðmund Jónasson) og Kapeláninn (Sigurð Þórarinnsson). Þegar þau nöfn eru uppgengin, má halda áfram í svipuðum dúr. Þar koma m.a. upp í hugann viðurnefni eins og Þræll, Toppur og Dómari.

SUMMARY

A new nunatak appeared a few years ago about 2 km east of Pálsfjall in southwest Vatnajökull. In the spring of 2004 the nunatak was visited and surveyed. It was about 100 m long and 30 m wide, made of flow-banded rhyolite lava. It has an elevation of 1366 m a.s.l. and is the top of a 700 m high mountain. If current predictions of climate warming turn out to be correct, this exposure may grow substantially in the coming decades. It is suggested that the nunatak is given the name Húsbóndi (Master), which was the nickname of Jón Eypórsson (1895–1968), the first president and founder of the Glaciological Society.

Heimild: Helgi Björnsson 1988. *Hydrology of ice caps in volcanic regions*. Societas Scientiarum Islandica, 45. 139 bls.



Flugmynd af Pálsfjalli, (efri mynd). Horft til norðausturs að sigkötlunum austan Pálsfjalls og að Húsbónða. Þórðarhryna efst til hægri. Myndin var tekin 7. október 2003. Á Húsbónða í júní 2004, (neðri mynd). Kollurinn er allur úr straumflögóttu rýólíti. – *Top: Pálsfjall, the ice cauldrons to its east and the new nunatak (Húsbónði) in the upper left corner. Bottom: On the new nunatak in June 2004. The exposed rocks are rhyolites.* Ljósm./Photos. Magnús T. Guðmundsson.